



Markaðsstofa Suðurlands

## Stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands

Hótel Selfoss 11. apríl 2012 kl. 13.00

Af stjórn eru mætt: steingerður, Sigurdís sem ritar fundargerð, Ásbjörn og Davíð framækvæmdarstjóri Mss, Sigrún Kapítóla var í símasambandi.

Dagskrá

### **1. Stjórn skiptir með sér verkum.**

Tillaga kom fram um að Steingerður yrði formaður, Davíð gjaldkeri ásamt bókhaldsstofunni KPMG og Sigurdís ritari. Ákveðið var að halda óbreyttu fyrirkomulagi með stjórnarfundum.

### **2. Aðildargjöld.**

Aðildargjöld fyrir árið 2012 – 2013 rædd. Ákveðið að hækka um 5 þúsund krónur. Gjöldin yrðu þá 55 þúsund krónur ef greitt yrði fyrir einda, annars 60 þúsund.

### **3. Framvinduskýrsla.**

Davíð lagði fram framvinduskýrslu Markaðsstofunnar fyrir tímabilið janúar – mars 2012. Fór yfir öll þau verkefni sem unnin voru á þessu tímabili. Margt hefur verið gert þessa 3 mánuði, þáttaka í sýningum, útgáfa á nýjum ímyndunarbækling, gerð nýrra dregla fyrir sýningar, þáttaka á fundum og ráðstefnum, Fam-ferðir og Workshop og margt fleira.

(Fylgiskjal Framvinduskýrsla janúar – mars 2012)

### **4. Önnur mál**

Davíð lagði fram erindi frá hjólaklasa suðurlands um samstarf. Fundurinn samþykkir erendið.

Ásbjörn lagði til að Upplýsingamiðstöð Suðurlands og Markaðsstofan vinni saman að ferðakynningu í formi kynningsferðar um suðurland fyrir starfsfólk upplýsingamiðstöðva. Davíð samþykkti að vinna þetta með Sigurdísi.

Ekkert fleira rætt og fundi slitið kl 14:00.